

**Ed.**

## **744. Nefndarálit**

um frv. til I. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjórir nefndarmanna (HG, LJóh, PM og StgrA) vilja eftir atvikum mæla með því, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum. Einn nefndarmanna (BSt) telur það mikið unnið með samþykkt frv., að hann vill ekki setja það í hættu með því að gera breytingar á því, svo að það þurfi að ganga aftur til Nd. seinasta starfsdag þingsins, og leggur því til, að það verði samþykkt óbreytt. Skrifar hann því undir nál. með fyrirvara.

Hinir fjórir nefndarmennirnir bera fram eftirfarandi

### **BREYTINGARTILLÖGUR.**

1. Á efir 1. gr. komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:

Tekjum þeim, sem aflað er samkv. 1. gr., skal varið til að standast kostnað þann, er ríkissjóður kann að hafa af framkvæmd 4. og 5. gr. laganna. Enn fremur skal verja 3 milljónum króna af tekjunum til þess að efla alþýðutryggingar. Upphæðin greiðist til Tryggingarstofnunar ríkisins, og skal setja nánari ákvæði um notkun fjáris um leið og endurskoðun fer fram á lögum um alþýðutryggingar.

2. Við 3. gr. Greinin falli niður.
3. Við 6. gr. Greinin falli niður.
4. Við 7. gr. Greinin falli niður.

Greinatalan breytist samkv. atkvgr.

Alþingi, 13. apríl 1943.

Pétur Magnússon,  
form., frsm.

H. Guðmundsson,  
fundaskr.

Steingr. Aðalsteinsson.

Bernharð Stefánsson,  
með fyrirvara.

Lárus Jóhannesson.